

Gullin í grenndinni október 2018

Heiti verkefnis: Að velja tré

Markmið verkefnis

Að nemendur velji sér stað og tré í Vinaskógi til að dvelja á og rannsaka í vetur.

Verkefnalýsing

Þegar komið er í skóginn verður nemendum skipt í fjóra hópa. Alltaf sömu hópar. Hver hópur finnur sér stað, sest niður og allir kynna sig.

Kennarinn kynnir verkefni dagsins sem er að finna sér tré sem fylgjast á með í vetur. Þannig að hóparnir fara alltaf á sama stað til þess að leysa verkefni og alltaf verður rætt um tréð sem valið var, hvort það hafi breyst o.s.frv.

Að verkefni loknu hittast allir hópar og fá sér skógarsafa og síðan er frjáls leikur

Undirbúningur, námsefni, tæki og tól

Myndavél eða annað tæki til að taka mynd af trénu.
Efnisræma til að merkja tréð með.